

Nýr Samningur

Framlenging á samningi



Samningur þróun eigin viðskiptahugmyndar

skv. 7. gr. reglugerðar um þátttöku atvinnuleitenda sem tryggðir eru innan atvinnuleysisstryggingakerfisins í vinnumarkaðsaðgerðum og um búferlastyrki nr. 12/2009 sbr 12. gr. l. nr 55/2006

Nafn atvinnuleitanda/starfsmanns:	Kennitala:
Heimilisfang:	Póstnúmer:
Sími/GSM:	Netfang:
Heiti viðskiptahugmyndar:	Samningstímabil ¹ :
Bótaprósenta starfsmanns % ² :	Samþykktur viðbótarstyrkur til atvinnuleitanda J/N %:

- Atvinnuleitandi skuldbindur sig til að vinna í fullu starfi að þróun eigin viðskiptahugmyndar í samræmi við umsókn/viðskiptaáætlun hvort sem um er að ræða nýsköpunar- eða þróunarverkefni, framleiðslu eða þjónustu þannig að um fullnægjandi ástundun sé að ræða og telst það ein af forsendum samningsins. Nánari lýsing á viðskiptahugmynd er að finna í fylgiskjali (VM2009 7c) með samningi þessum. Markmið samnings um þróun eigin viðskiptahugmyndar er að aðstoða atvinnuleitanda við að vinna að stofnun eigin fyrirtækis með það markmiði að skapa sér sitt eigið starf til framtíðar. Á meðan á samningi stendur mun atvinnuleitandi fá greidda upphæð sem nemur atvinnuleysisbótahlutfalli atvinnuleitanda auk 8% framlags atvinnurekenda í lífeyrissjóð og eftir atvikum viðbótarstyrk hafi hann verið samþykktur og nemur mismun á atvinnuleysisbótarétti atvinnuleitanda og fullum grunnlífeyri atvinnuleysistrygginga.
- Atvinnuleitandi skal kynna sér rekstur fyrirtækja á samningstímanum og þiggja ráðgjöf frá Nýsköpunarmiðstöð og/eða atvinnuþróunarfélagi varðandi þróun viðskiptahugmyndar. Eitt af meginskilyrðum samnings um styrk til þróunar eigin viðskiptahugmyndar að sýna fram á að atvinnuleitandi hafi kynnt sér rekstur á viðunandi hátt. Vinnuáætlun er heimilt að óska eftir því að Nýsköpunarmiðstöð eða atvinnuþróunarfélag á viðkomandi svæði votti um gildi viðskiptaáætlunar.
- Á tímabili samnings sem getur mest orðið sex mánuðir skal atvinnuleitandi vera í reglulegu sambandi við ráðgjafa á meðan á unnið er að eigin viðskiptahugmynd sbr. nánari útfærslu í fylgiskjali en þarf ekki að stunda virka atvinnuleit. Atvinnuleitandi skal skila inn til franvindakýrslu á þann hátt sem Vinnuáætlun óskar eftir þegar verkefnið er hálfnað eða eftir þrjá mánuði sbr fylgiskjal 1 og lokaskýrslu við lok samningstímabils. Ef verkefnið er framlengt skal lokaskýrslu skilað við lok framlengingar verkefnis.
- Eftirlitsaðili með framkvæmd samningsins er Þjónustuskrifstofa Vinnuáætlunar á viðkomandi svæði og hefur hún eftirlit með að framkvæmd samningsins með sé í samræmi við ákvæði hans, sbr. reglugerð 12/2009 um þátttöku atvinnuleitenda sem tryggðir eru innan atvinnuleysisstryggingakerfisins í vinnumarkaðsaðgerðum og um búferlastyrki. Rífta má samningi þessum ef breyting verður á stöðu og högum atvinnuleitanda eða forsendur samningsins eru brostnar s.s. vegna þess að ekki eru taldar líkur á að verkefnið skili þeim árangri sem vænst var í upphafi.
- Rísi ágreiningur vegna framkvæmdar samningsins skal vísa honum til Vinnuáætlunar.

staður og dagsetning

f.h. Vinnuáætlunar

atvinnuleitandi

¹ Samningur er til mest sex mánaða. Heimilt er að framlengja samning einu sinni ef mjög miklar líkur eru á að hugmynd skapi atvinnuleitanda framtíðarstarf að mati ráðgjafa Vinnuáætlunar.

² Vinnuáætlun greiðir auk atvinnuleysistrygginga 8% mótframlag í lífeyrissjóð v/atvinnuleitanda sem vinnur að eigin viðskiptahugmynd